

BREIÐHOLTS- BLAÐIÐ

ÞETTA BLAÐ ER EKKI RUSL!

Þegar þú hefur lesið blaðið, skilaðu því í bláa tunnu eða grenndargám.

– Takk fyrir að flokka!



PAPPÍR
ER EKKI RUSL

Lyfjaval

A P Ó T E K
ÁLFTAMÝRI • MJÓDD

BÍLAAPÓTEK
HÆÐASMÁRA 4
opið 10–23 alla daga

2. tbl. 20. árg. FEBRÚAR 2013

S. 581 15 15
3 staðir 1 símanúmer
Gnoðaryogi 44 - Ánanaustum og Eddufelli 6

**Hólagarði og
Arnarbakka**

Jón Gnarr borgarstjóri afhenti þeim félagsmiðstöðvum borgarinnar sem hafa verið með tölvufærninámskeið fyrir eldri borgara spjaldtölvur að gjöf frá Mannréttindaráði Reykjavíkurborgar miðvikudaginn 6. febrúar sl. en þá var skrifstofa borgarstjóra staðsett í Gerðubergi. Á myndinni eru Ágústa H. Gísladóttir frístundaráðgjafi í þjónustumiðstöð Breiðholts, Jón Gnarr borgarstjóri og Trausti Jónsson verkefnastjóri í þjónustumiðstöð Árbæjar með spjaldtölvurnar.

Bífreiðaskoðun
Dalvegí 22 • Kóp
Sími 570 9090
www.frumherji.is

**PANTAFU
Á NETINU**
www.dominos.is sími 58-12345

Það borgar sig að byrja strax

Þú finnur allt sem skiptir máli um lífeyrissparnað á
landsbankinn.is/istuttumali.

Landsbankinn Mjódd

landsbankinn.is

410 4000



ÓDÝRARI LYF Í HÓLAGARÐI

Apótekið
– einfalt og ódýrt

Opið: Mán–fös: 10.00 –18.00 • Lau: 10.00 –14.00

Vörur á tilboðsverði!



Pín verslun

SELJABRAUT 54 • SÍMI 557 1780 - 577 1788

– á traustum grunni

Vinarkaka 360 gr.
359 kr.

Kjúlla

Læri/leggir

Verð áður 1.298 kr./kg.

Verð núna 1.039 kr./kg.

Svínakótilettir

Verð áður 1.898 kr./kg.

Verð núna 1.198 kr./kg.

Svínalundir

Verð áður 2.698 kr./kg.

Verð núna 2.198 kr./kg.

Svínasnitzel

Verð áður 2.349 kr./kg.

Verð núna 1.498 kr./kg.

Svínaúllash

Verð áður 1.994 kr./kg.

Verð núna 1.498 kr./kg.

Pepsi & Max 2 lítra

Verð áður 298 kr.

Verð núna 198 kr.

Breiðholtsblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.

Vesturgötu 15 • 101 Reykjavík • Sími: 511 1188

Ritstjóri: Þórður Ingimarsson • Sími 551 1519 • 893 5904

Netfang: thordingimars@gmail.com

Auglýsingasími: 511 1188 • 895 8298

Heimasíða: borgarblod.is

Netfang: borgarblod@simnet.is

Framkvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson

Umbrot: Valur Kristjánsson

Prentun: Landsprent ehf.

Dreifing: Landsprent ehf.

2. tbl. 20. árgangur

Breiðholtsblaðið er dreift frítt í öll hús í Breiðholti

Komið til móts við Breiðhylltinga

Á 5255. fundi borgarráðs Reykjavíkur sem haldinn var í Gerðubergi fimmtudaginn 7. febrúar var samþykkt að ganga til ýmissa verkefna í Breiðholti. Flest þessi verkefni eiga rætur að rekja til ábendinga sem fram hafa komið á íbúafundum með Breiðhylltingum, í ályktunum íbúasamtakanna Betra Breiðholts, Hollvinasamtaka Elliðaárdalsins og fleiri aðila auk rafrænnar kosningar um úthlutun úr hverfapotti borgarstjórnar. Flest lúta þau að umhverfismálum, bættum möguleikum gangandi og hjólandi umferðar og til útivistar. Einnig var ákveðið að hefja nokkur verkefni til viðhalds bygginga í eigu borgarinnar í Breiðholti. Oft var rætt um á undanförnum árum að Breiðholt-ið hefði gleymst. Þar væri ekkert framkvæmt og nauðsynlegu viðhaldi mannvirkja og umhverfis væri ábótavant. Með ákvörðun borgarráðs á fundi sínum í Gerðubergi á dög- unum var verið að koma til móts við vilja Breiðhylltinga.

Að bæta ímynd Breiðholtsins

Stundum er sagt að bragð sé að þegar barnið finnur. Það er ljóst að krökkunum í ungmennaráði Breiðholts blöskrar hver umræðan um byggðarlagið – heimkynni þeirra er á stundum. Eitt af markmiðum góðgerðarviku þeirra á dögnum var að vinna að bættari ímynd Breiðholts vegna þess að ungmennunum í ráðinu finnst slæm umræða hafa verið um hverfið. Þessi slæma umræðuhefð um Breiðholtið er gömul. Hún á rætur allt aftur til byggingar þess. Að hluta mál rekja hana til mistaka í ákvörðunum borgaryfirfalda á sjö- unda áratug fyrri aldar og að hluta slæmu skipulagi og vondum arkitektúr á afmörkuðum svæðum. Sú stefna að byggja margar svokallaðar félagslegar íbúðir á sömu stöð- um – jafnvel heilu hverfishlutana er arfavitlaus og hefur hún verið aflögð með öllu. Það orð sem komst á Breiðholt- ið vegna fólks sem átti einhverra hluta vegna í vanda með líf sitt hefur því miður fest við byggðina en alls að óseku. Breiðholtið er eitt afmarkaðasta byggðalag Reykjavík- ur. Það liggur miðstæðis á höfuðborgarsvæðinu og er löngu orðið gróið og vænt til fjölbreytts mannlífs. Margar hinna félagslegu íbúða hafa fyrir löngu verið seldar á frjáls- um markaði en erfiðara er að bæta fyrir mistök skipulags- fólks og arkitekta þótt slíkt sé hægt með tilkostnaði. Því er vel til fundið hjá ungmennaráðinu að varpa athygl- inni á þetta mál og leggja sitt að mörkum til þess að bæta ímynd Breiðholtsins. Raunar þurfa margir aðilar að koma að þessu máli. Borgaryfirvöld, Þjónustumiðstöð Breið- holts, skólarnir í hverfinu, miðbæjarsamfélagið í Mjódd- inni og þau mörgu félög og það öfluga félagslíf ungra, mið- aldra og eldri borgara sem er að finna í Breiðholti. Með samtakamætti er hægt að snúa vörn í sókn í þessu máli.

Framkvæmt verður fyrir um 350 milljónir í Breiðholti

Framkvæmt verður fyrir um 350 milljónir í Breiðholti á næst- unni. Þegar hefur verið hafist handa við framkvæmdir á átta stórum verkefnum sem munu kosta Reykjavíkurborg tæpar 297 milljónir. Að auki verður fjölmörgum smærri verkefnum hrint í framkvæmd í hverfinu í tengslum við verkefnið Betri hverfi eða fyrir um 46 milljónir króna.

Meðal stórra verkefna í Breið- holtinu á þessu ári verða. Endur- bætur á lóð við Seljaskóla. Lokið verður við þriðja og síðasta áfan- ga endurbóta á skólalóðinni, sem felst m.a. í gerð útikennslurým- is. Kostnaður 65 milljónir króna. Nýtt timburgólf verður sett í íþróttamiðstöðina við Austur- berg. Þar er dúklagt gólf í dag en sett verður nýtt uppbyggt, fjaðr- andi timburgólf sem hentar bet- ur fyrir innanhússíþróttir. Kostn- aður við það er áætlaður um 40 milljónir króna. Komið verður upp hjóla- og göngustíg í Suður- Mjódd sem tengir svæðið stígum í Kópavogi og verður verkefnið er unnið í samstarfi við Vegagerð- ina. Kostnaður er áætlaður um 40 milljónir króna. Einnig verður komið upp hjóla- og göngustíg á Selhrygg. Verkefnið felst í tenging- um á fimm stöðum úr Seljahverfi við göngu- og hjólastíg sem liggur Kópavogsmegin og mun verkið kosta um 35 milljónir króna. Ráð- ast á í endurbætur við Öldusels- skóla þar sem fyrirhugað er að bæta aðgengi og byggja anddyri. Þá á einnig að hefjast undirbún- ingur að endurgerð skólalóðar. Gert er ráð fyrir að kostnaður verði 32 milljónir króna. Þá verð- ur ráðist í endurbætur og viðhald á húsnæði menningarmiðstöðv-



Þessi mynd var tekin á fundi borgarstjóra með íbúum Breiðholts á dögnum. Fundurinn var haldinn í upphafi þess tíma sem skrifstofa borgarstjóra var staðsett í Gerðubergi.

arinnar Gerðubergs. Vinna þarf ýmsar endurbætur utanhúss auk þess að ljúka við byggingu tengigangs á milli Fagrabergrs og Gerðubergs. Þá á að stækka og bæta veitingaaðstöðuna. Kostn- aður er áætlaður um 25 milljónir króna. Í Breiðholtslaug á að byg- gja nýtt eimbað fyrir um 30 mill- jónir króna. Við þessa upptalningu má bæta að áformað er að bæta göngu- og hjólreiðaleiðir í Breið- holti fyrir um 30 milljónir króna.

Hverfapottur 46 milljónir

Hverfapottur Breiðholts er 46 milljónir á þessu ári. Framkvæmt verður eftir hugmyndum að verk- efnum sem berast frá íbúum að smærri nýframkvæmdum og við- haldsverkefnum. Enn er hægt að

koma með hugmyndir að verk- efnum inn á samráðsvefinn www. betrireykjavik.is.

Er opið fyrir innsetningu á hug- myndum til 15. febrúar. Kosið verður um verkefnið í rafrænum íbúakosningum í Reykjavík, dag- ana 14. til 19. mars næstkomandi. Talsverðar framkvæmdir hafa verið í Breiðholti undanfarin ár á vegum Reykjavíkurborgar. Nýr Fellastígur hefur verið byggður. Er framkvæmdum við hann nú að mestu lokið. Stígurinn liggur sunnan til meðfram löngu blokk- inni í Fellahverfi. Alls nam kostn- aður við stíginn um 110 millj- ónum króna. Þá hefur skólalóð Fellaskóla verið endurbyggð og er þeim framkvæmdum lokið.

Fab-Lab smiðja í Breiðholti

Borgarráð samþykkti á fundi sínum í Gerðubergi á dögnum viljayfirlýsingu um stofnun til- raunaverkstæðis, eða svokallað Fab-Lab, í Breiðholti í samstarfi við Nýsköpunarmiðstöð Íslands og Fjölbautarskólann í Breiðholti.

Markmið Fab-Lab er að gefa ungum sem öldn- um, einstaklingum sem fyrirtækjum, tækifæri til að þjálfa sköpunargáfuna og hrinda hugmyndum sínum í framkvæmd með því að hanna, móta og framleiða hluti með aðstoð stafrænnar tækni. Þá er verkefninu einnig ætlað að auka tæknilæsi almennings og almenna tæknivitund. Um leið

skapast vettvangur fyrir nýsköpun og eflingu sam- keppnishæfni iðnfyrirtækja, menntastofnana og nemenda. Reykjavíkurborg mun standa straum af stofnkostnaði vegna verkefnisins. NMÍ og Fjöl- brautarskólinn í Breiðholti bera faglega ábyrgð á starfseminni og standa straum af launa og rekstr- arkostnaði samkvæmt nánara samkomulagi. End- anlegt samkomulag ásamt kostnaðaráætlun verður lagt fyrir borgarráð til samþykktar. Stefnt er að því að verkstæðið taki til starfa sem fyrst og eigi síðar en fyrir upphaf haustannar

d:fi
milk_shake

APENA
HÁRSNYRTISTOFA

Pangbakka 10 (MJÓDD) • Sími: 557-2053

Tölvur og gögn ehf.

þekking og reynsla

PC & Mac

Persónuleg og traust tölvuniónusta í Mjódd

Parabakki 3, Mjódd
109 Reykjavík
Sími: 696-3436
www.togg.is

netto
Kræsingar & kostakjör

LANGSKORINN
LAMBAHRYGGUR

26% AFSLÁTTUR

1.398

ÁÐUR 1.889 KR/KG

- 35%

FOLALDASNITSEL ~~áður 2.398~~
NÚ 1.559 KR/KG

- 21%

FOLALDALUND ~~áður 3.789~~
NÚ 2.993 KR/KG

- 21%

FOLALDARAGÚ ~~áður 1.898~~
NÚ 949 KR/KG

- 35%

FOLALDAGÚLLAS ~~áður 2.198~~
NÚ 1.429 KR/KG

MIKIÐ ÚRVAL
AF FOLALDAKJÖTI

FOLALDAFILE

2.878

ÁÐUR 3.198 KR/KG

BERJADAGAR Í NETTÓ

JARÐARBER 250G
BLÁBER 125G
HINDBER 125G
KIRSUBER 200G
BRÖMBER 125G
RIFSBER 125G

50% AFSLÁTTUR

EMERGE
ORKUDRYKKUR



50% AFSLÁTTUR

60

ÁÐUR 119 KR/STK

Tilboðin gilda 14. - 17. feb.

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

VIÐTALIÐ

Ánægð að hafa verið í fyrsta hópnum í Gerðubergi

Sesselja Ásgeirsdóttir sýnir málverk í Boganum í Gerðubergi um þessar mundir. Sýningin ber nafnið Hugmynd og er fyrsta einkasýning hennar. Hún hóf að stunda myndlist komin á miðjan aldur og hefur sótt myndlistarskóla og námskeið af krafti á undanförunum árum. „Ég byrjaði svo seint að sinna þessu áhugamáli mínu að ég vildi ná mér í sem mesta þekkingu á skömmum tíma,“ sagði hún í spjalli við Breiðholtsblaðið á dögunum. Sesselja er ekki ókunnug í Gerðubergi því hún er einn af fyrstu starfmönnum hússins. Hún hóf störf þar nokkru áður en húsið var opnað fyrir 30 árum en Gerðuberg var opnað 4. mars 1983 sem alhliða menningarmiðstöð rekin af Reykjavíkurborg. Því má segja að um afmælissýningu sé að ræða og ánægjulegt að sjá einn fyrsta starfsmann menningarmiðstöðvarinnar minnst afmælisins með þessum hætti.

Sesselja starfaði í Gerðubergi í um áratug og hún hefur komið víðar við hjá Reykjavíkurborg í gegnum tíðina og má þar nefna félagsmiðstöðina Bústaði og Borgarbókasafnið auk þess sem hún starfaði sem fulltrúi í kvörtunarþjónustu Neytendasamtakanna um tveggja áratuga skeið. Fljótlega eftir að hún hætti störfum vegna aldurs átti hún frumkvæði að verkefni sem miðaði að því að ráða eldri borgara í hlutastörf hjá Reykjavíkurborg en á þeim tíma var mikil mannekla í umönnunarstörfum hjá borginni. Sesselja var ráðin verkefnisstjóri um hálfs árs skeið og hafði það hlutverk að tengja saman áhugasama eldri borgara og laus störf innan leikskóla, grunnskóla, frístundaheimila og heimaþjónustu borgarinnar. En þar með er sagan ekki sögð til fulls því um svipað leyti ákvað hún að reyna fyrir sér í myndlistinni. Hún hóf að sækja námskeið í teikningu og málun. Fyrsta námskeiðið var í félagsmiðstöðinni á Vesturgötu 7 en þar var hún hvött til að fara í Myndlistaskólann í Reykjavík þar sem hún var við nám í fjórar annir. Þá hefur Sesselja fengið leiðsögn í félagsmiðstöðvunum í Hvassaleiti og Hæðargarði auk þess sem hún sækir reglulega myndlistarnámskeið hjá Mími –



Sesselja Ásgeirsdóttir við tvö verka sinna á sýningunni í Gerðubergi.

símenntun og víðar. „Ég hafði alltaf áhuga á myndlist þótt aðstæður hafi ekki leyft að fara út í hana á fullum krafti fyrr en komið var að starfslokum. Sesselja er fædd 22. nóvember á degi heilagrar Sesselju verndara tónlistarinnar og er það skemmtileg tilviljun þar sem nafngift hennar tengist því ekki.

Vorum fyrsti hópurinn í Gerðubergi

En hvernig kom til að fimm barna móðir með áhuga á myndlist fór að starfa í félagsmálum.

„Aðdragandinn að því var nokkur. Ég var búin að vera heimavinnandi um tveggja áratuga skeið og komin nokkuð á veg með að ala upp fimm börn. Yngsta dóttir mín var reyndar aðeins sex ára þegar Hermann Ragnar Stefáns-son danskennari bankaði upp á hjá mér. Hann starfaði í frístundaráði hjá borginni og var að spyrja hvort ég vildi koma og annast um ungmennin í Bústöðum. Ég sló til og síðar kom Ómar Einarsson að máli við mig og spurði mig hvort ég gæti farið í Gerðubergið sem þá var í byggingu og í undirbúningi að opna

menningarmiðstöðina. Já - ég var með þeim fyrstu sem komu þar til starfa,“ heldur Sesselja áfram. „Guðjón Bjarnason sem lengi var húsvörður kom fyrstur til starfa og Elísabet Bjarklind Þórisdóttir, síðar kom Guðrún Jónsdóttir sem stýrir félagsstarfinu.“ Sesselja var viðloðandi Gerðubergið næstu sex árin. „Eitt af því sem lá fyrir að gera þegar ég kom í Gerðuberg var að koma upp veitingaaðstöðu. Fljótlega var farið að efna til hinna ýmsu viðburða sem kölluðu á að hægt væri að vera með veitingar. Ekkert kaffihús var í öllu Breiðholtinu þessu

nýja 20 þúsund manna hverfi og hvergi hægt að setjast niður með kaffibolla. Ég man að umferðin um húsið eflidist, fleiri og fleiri komu og eftir að kaffiterían opnaði fór fólk að koma um helgar til þess að fá sér kaffi og spjalla saman.“Sesselja var ekki í fullu starfi í Gerðubergi og segist hafa verið að hlaupa á milli hinna ýmsu starfa á þessum tíma. „En ég var mikið í Gerðubergi. Þetta var á mótunarárum menningarmiðstöðvarinnar og félagsstarfsins og ég held að ég hafi gripið í flest sem til féll. Ég greip bæði í að skúra og baka en þá var allt meðlæti bakað á

SKIPTU UM SKOÐUN
Það er ódýrara.



TÉKKLAND
Bifreiðaskoðun

Tékkland	8.945
Aðalskoðun	9.840
Frumherji	9.600

Samanburður á verðskrá aðalskoðunar bifreiða undir 3.500 kg að leyfðri heildarþyngd, skv. vefsíðum fyrirtækjanna 1. janúar 2013

staðnum og svo þurfti að velja allan búnað fyrir kaffiteriuna. En ég var ekki lengi ein þarna því fljótlega komu fleiri konur til starfa. Yndislegar konur sem störfuðu með mér. Þegar ég lít til baka til þessara ára þá finnst mér eins og þessi starfsemi hafi verið fljót að komast í gang og taka á sig mynd miðað við að Gerðuberg átti sér alls enga fyrirmynd. Þetta var allt nýtt og byggt á ýmsum hugmyndin héðan og þaðan. Það hafði aldrei verið byggð menningarmiðstöð á borð við þessa hér á landi og hefur ekki enn verið gert. Við vorum ekki vön svona húsi eða starfsemi og þetta var nýtt fyrir mörgum. Ég man að fljótlega var farið að efna til stórra menningarviðburða og sérstaklega tónlistarviðburða í Gerðubergi. Elísabet var vel vakandi um að efna til viðburða og félagstarfið undir stjórn Guðrúnar eflidist smám saman.“

Kristinn söng í hálfbyggðum bókasafnssalnum

Sesselja minnst sérstaklega eins viðburðar sem hafi verið sögulegur. „Ég man sérstaklega eftir tónleikum með Kristni Sigmundssyni óperusöngvara. Það komu svo margir að salurinn þar sem tónleikarnir áttu að vera fylltist á augabragði og fólk var um alla ganga. Þá var ekki búið að opna sal Borgarbókasafnsins og stóð hann hálf frágengnin og fullur af ryki. Þarna var ákveðið í skyndi að færa tónleikana þangað þrátt fyrir að salurinn væri mjög hrár og alls ekki búinn undir viðburð af þessu tagi. Það var farið af stað með flygilinn og ekkert spurt um hvort þessi herbergjaskipti væri góð fyrir hljóðfærið. Jónas Ingimundarson sem var undirleikari hjá Kristni tók nótnabækurnar og gekk á eftir hljóðfærinu inn í hálfbyggðan bókasafnssalinn og hver tók sinn stól og fylgdi á eftir. Og þarna söng Kristinn og Jónas lék á hljóðfærið í troðfullum en hálfbyggðum suðursalnum sem nú hýsir bókasafnið. Þarna lögðu allir sig fram um að þetta gæti gengið. Tónleikarnir voru haldnir þrátt fyrir ástand húsnæðisins og að enginn þurfti frá að hverfa. Þetta sýnir hversu mikil þörf var strax fyrir þetta hús og þá starfsemi sem sniðin var inn í það. Það var engin önnur sambærileg aðstaða í hverfinu á þessum tíma og er ekki enn. Það var líka strax mikil breidd í sýningarhaldi. Settar voru upp sýningar fyrir börn sem var nokkur nýlundu og einnig fyrir fullorðin fólk. Það var reynt að hafa sem minnst kynslóðabil í starfsemi og að allir gætu fundið eitthvað við sitt hæfi. Og svo tel ég að Gerðuberg hafi strax verið heppið með starfsfólk og að starfsemin hafi notið þess fram á þennan dag. Ég verð að segja að Gerðuberg var byggt af mikilli framsýni og hvort sem þetta var tilraun á sínum tíma eða ekki má fullyrða að hún hefur heppnast ágætlega.“

Hafði ekki teiknað Óla prik hvað þá meira

Og nú er Sesselja komin aftur í Gerðuberg. Að þessu sinni með myndlistsýningu í tilefni af 30 ára afmæli hússins. Margrét Baldursdóttir verkefnastjóri hefur stjórnað og sett upp sýninguna og hefur hún ásamt öðrum starfsmönnum hússins tekið vel á móti mér og sýnt mér elskulegt viðmót. En hvað kom til að hún fór að mála. „Ég held

að það hafi alltaf blundað í mér einhver áhugi á myndlist en það eru ekki nema fimm ár síðan að ég fór í hana af fullum krafti. Ég hafði ekki teiknað Óla prik hvað þá meira en ég hafði nokkuð fengist við ýmiss konar handavinnu ásamt kúnstbróðerí og postulínsmálun. Ég er búin að vera á fullu að sækja mér þekkingu og fagkunnáttu. Verið fjórar annir í Myndlistarskóla Reykjavíkur og stundað námskeið hjá myndlistardeild Mímis ásamt öðru. Þetta hefur eiginlega verið full vinna hjá mér frá því að ég byrjaði. Þegar maður byrjar svona seint þá verður að nýta tímann og ég vildi fá alla þá kennslu sem ég gat á sem skemmstum tíma en mað-

ur verður líka að mæta til verks með opin huga og tileinka sér það sem maður lærir. Ég hætti þó ekki alveg að vinna. Svindlaði svona aðeins og starfaði sem verkefnastjóri hjá Reykjavíkurborg um tíma með listnáminu.“

Sæki í landslagið en mála annars eftir hugmyndum

Sesselja er enn að læra. „Já - ég er enn í myndlistarnámi hjá Mími símenntun. Ég er ekki útskrifuð þaðan og í raun útskrifast maður aldrei úr myndlistarnámi. Þar má alltaf bæta einhverju við. Nú er ég búinn að mála yfir 100 myndir og það er mjög gaman að hafa fengið tækifæri til þess að halda

þessa sýningu. Þá geta vinir og kunningjar svo og aðrir sem leið eiga í Gerðuberg séð hvað ég er að fást við. Ég mála mest heima. Ég er með verk á bakvið sófa og á ýmsum öðrum stöðum. Ég hef selt nokkuð af myndum og fjölskyldan, börnin og barnabörnin eiga verk eftir mig.“ En hvaðan kemur efniviðurinn. „Ég sæki mikið í náttúruna, landslagið en mála þó einnig mikið eftir tilfallandi hugmyndum. Mála ýmsar verur og annað sem kemur í hugann á meðan ég er að vinna verkin.“ Landslagið er áberandi í myndunum á sýningunni. Allt frá kulda jökla til ólgunnar í iðrum jarðar. Nokkrar málverk sem sýna eldsumbrot er að finna á þessari

sýningu en hún hefur líka ná góðum tókum á abstrakt tækninni. Þegar litið er yfir verk hennar er ljóst að hún hefur notað tímann vel. Unnið vel úr þeim efnivið sem hún hefur sótt sér í myndlistarnáminu. Það er ánægjuleg tilviljun að einn af fyrstu starfsmönnum Gerðubergs skuli minnst 30 ára afmælis þessar nýjungar í menningar- og félagsstarfi og þá ekki aðeins í Breiðholtiun heldur á landsvísu með þessum hætti. „Ég er ánægð með að hafa fengið tækifæri til að vera með í fyrsta hópnun sem kom að Gerðubergi og einnig að fá nú tækifæri til þess að minnst þess með þessum hætti á 30 ára afmæli menningarmiðstöðvarinnar.“



7.500 kr.
Fylgir hverju rúmi

RB RÚM

RB rúm hlaut á dögunum alþjóðleg verðlaun á International Quality Crown Awards í London, fyrir vandaða framleiðslu og markaðssetningu. Þetta eru stór verðlaun en það er bara eitt fyrirtæki í hverri grein sem fær þessi verðlaun ár hvert.

FERMINGARGJÖF

Í áráraðir hefur Ragnar Björnsson ehf. framleitt rúm af öllum stærðum og gerðum, allt eftir óskum viðskiptavina. Mismunandi stifleika er hægt að

velja allt eftir þyngd þeirra sem á dýnunum hvíla. Þú velur rétta hæð á rúmið þitt og stígur létt framúr. Mikið úrval af öllum tegundum rúma. Hafð samband við sölumenn okkar fyrir frekari upplýsingar.

552-2440

TAXI

Borgarbilastöðin ehf.

20% afsláttur

fyrir eldri borgara og öryrkja miðað við staðgreiðslu

VELJUM ÍSLENSKT

Kistill

32.000 kr.

Kistill

49.000 kr.

Rúm 90x200 - Verð frá

59.900 kr.

ÓPIÐ ALLA VIRKA DAGA FRÁ 8 - 18 OG Á LAUGARDÖGUM FRÁ 10 - 14

RB RÚM

DALSHRAUN 8

220 HAFNARFIRÐI

WWW.RBRUM.IS

SÍMI 555 0397

Þetta vilja börnin sjá í Gerðubergi

Sýningin Þetta vilja börnin sjá stendur nú yfir í Gerðubergi en um árlegan viðburð er að ræða í menningarmiðstöðinni. Þar eru sýndar myndir úr íslenskum barnabókum frá nýliðnu ári. Á sýningunni í ár eru því myndir úr bókum frá 2012, en sýningin var opnuð sunnudaginn 27. janúar, sama dag og tilkynnt var hver hlyti Íslensku myndskreyti-verðlaunin – Dimmalimm.

Myndskreytiverðlaunin í ár hlaut Birgitta Sif Jónsdóttir fyrir bókina Ólív sem Forlagið – Mál og menning gefur út. Dimmalimm verðlaunin í ár eru styrkt af Myndstefi og Félagi bókagerðarmanna. Dómnefndina skipuðu Aðalsteinn Ingólfsson, Halldór Baldursson og Kalman le Sage de Fontenay. Aðalsteinn Ingólfsson listfræðingur talaði fyrir hönd dómnefndar og sagði að útgáfusaga þessarar bókar er óvenjuleg, a.m.k. í íslensku samhengi, því hún er þegar komin út hjá bresku forlagi, Walker Books Ltd. Höfundur texta og mynda, Birgitta Sif hefur verið við nám og störf í Bretlandi og bók hennar hefur til að bera ýmsa kosti breskra barnabóka á borð við sérvisku-

lega persónusköpun, vandaðar vettvangsteikningar, þar sem meira er lagt upp úr ljóðrænum stemmningum en ágengu litrófi, og kímni sem er í senn góðlátleg og fjarstæðukennd. Einföldum boðskap bókariinnar - „maður er manns gaman“ – eða kannski „sækjast sér um líkir“, er ekki þröngvað upp á lesendur heldur rennur hann smám saman upp fyrir þeim m.a. í rökstuðningi sínum. Á sýningunni Þetta vilja börnin sjá í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi má sjá þær bækur sem kepptu til verðlaunanna að þessu sinni. Starfsfólk Gerðubergs og Borgarbókasafnsins mun bjóða átta ára skólabörnum upp á skemmtilega dagskrá á sýningartímabilinu þar sem þau fá að skoða sýningarnar Þetta vilja börnin sjá og sýninguna Origami – Brot í brot, sem sýnir pappírslitaverk hjónanna Dave og Assiu Brill, auk þess að taka þátt í spennandi leikjum á bókasafninu. Einnig er boðin leiðsögn um sýningarnar fyrir aðra aldurshópa í samráði við starfsfólk Gerðubergs. Sýningin Þetta vilja börnin sjá stendur til 24. mars.

Útivistarsvæðin Breiðhylltingum huggleikin

Bætt útivistarsvæði ásamt fræðslu um fuglalíf í Elliðaárdalnum eru meðal þeirra verkefna sem íbúar í Breiðholti völdu og komust til framkvæmda í tengslum við verkefnaval „Betri hverfa“ í fyrra. Íbúar sendu fyrst inn hugmyndir sem síðan var kosið um í opinni rafrænni kosningu. Óskir íbúa í Breiðholti beindust einkum að bættu umhverfi, leiksvæðum og útivistarmöguleikum jafnt fyrir menn sem dýr, en hundagerði var á óskalistanum.

Af því sem Breiðhylltingar óskuðu eftir og komst til framkvæmda var að gerðar yrðu endurbætur við tjörnina í miðju Seljahverfis. Leiktæki á skólalóð Ölduselsskóla yrðu endurbætt. Fjarlægðir yrðu stálbogar sem hindruðu gangandi og hjólandi fólk. Gerðar yrðu endurbætur á leiksvæði við Engjasel. Sett ræsi á nokkrum stöðum á göngustíg ofan Elliðaárstíflu til að losna við klaka sem myndast í frosti. Leikvelli í Seljahverfi yrðu endurbættir og settir upp fleiri ruslastampar. Undirgöng undir Breiðholtsbraut við Leirubakka yrðu merkt hundagerði var sett



Unnið við lagfæringu á útivistarsvæði í Breiðholti.

upp við Arnarbakka og öryggi á gönguleið við Arnarbakka frá Réttarbakka að Núpabakka yrði bætt með færslu á biðskyldumerkjum. Fræðsluskilti yrðu sett upp í Elliðaárdal um fuglalífið á svæðinu. Gerður yrði trimmstígur og æfingaaðstaða við Bakkalund var sett upp og gengið bet-

ur frá umhverfi Bakkalundar og gróðurkerum komið fyrir. Framkvæmdafé vegna verkefna Betri hverfa í Breiðholti var í fyrra um 46 milljónir króna og verður það óbreytt í ár.

Borgarráð fundaði í Gerðubergi

Borgarráð hélt hefðbundinn fund fimmtudaginn 7. febrúar en fundurinn fór fram í Gerðubergi að þessu sinni. Var fundarstaðurinn valin vegna starfsemi skrifstofu borgarstjóra í Breiðholti vikurnar á undan.

Þetta mun vera í fyrsta sinn sem borgarráð fundar utan Ráðhúss Reykjavíkur en á fundinum voru fjölmörg mál sem tengjast Breiðholti sérstaklega rædd og afgreidd. Að fundinum loknum heimsótt borgarráð Fjölbrautarskólann í Breiðholti þar sem þeir fengu góðar móttökur og var boðið í hádegisverð. Að því bínu gengu borgarráðsfulltrúar um Fellin í efra Breiðholti þar sem þeir skoðuðu endurbætur á Fellastíg. Sérstaklega var umhverfi Fellagarða skoðað með tilliti til endurbóta á svæðinu.



Á myndinni má sjá hluta af borgarráðsfulltrúum á göngu um Fellin.

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Alúð - virðing - traust
Áratuga reynsla

Suðurlíð 35, Rvk • www.utfarin.is
Vaktsími: 581 3300 & 896 8242

Allan sólarhringinn
Komum heim til aðstandenda ef óskað er

Sverrir Einarsson
Kistur • Krossar • Sálmaskrár • Duftker • Blóm • Fáni • Gestabók • Erfidrykkja • Prestur
Kirkja • Legstaður • Tónlist • Tilkynningar í fjölmiðla • Landsbyggðarþjónusta • Líkflutningar

Kristín Ingólfssdóttir

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is
Vaktsími: 565 5892 & 896 8242 • Sólarhringsvakt
Komum heim til aðstandenda ef óskað er



Fáðu áminningu

Skráðu þig á póstlistann okkar þegar þú kemur í skoðun og veldu í hvaða mánuði þú vilt að við minnum þig á að láta skoða bílinn á næsta ári.

Þú gætir unnið 200 lítra bensínúttekt hjá Atlantsolíu eða **50.000 kr. úttekt** hjá Pústþjónustu BJB.

Vinningar verða dregnir út mánaðarlega úr skráningum á póstlistann.

Aðalskoðun, faggildur skoðunaraðili í 17 ár



HJÁ AÐALSKOÐUN ERT ÞÚ Í GÓÐUM HÖNDUM

HVAR HENTAR ÞÉR AÐ LÁTA SKOÐA?

Við erum með fjórar skoðunarstöðvar á höfuðborgarsvæðinu og eina í Reykjanesbæ. Paulreyndir og þjónustuliprir fagmenn taka á móti þér á þeim öllum. **HLÖKKUM TIL AÐ SJÁ ÞIG!**



www.adalskodun.is

Reykjavík Grjóthálsi 10 Sími 590 6940	Reykjavík Skeifunni 5 Sími 590 6930	Hafnarfjörður Hjallahrauni 4 (við Helluhraun) Sími 590 6900	Kópavogur Skemmuvegi 6 (bleik gata) Sími 590 6935	Reykjanesbær Holtsgötu 52 (við Njarðarbraut) Sími 590 6970
--	--	---	---	--

Íbúar lifi í sem mestri sátt við hverfið sitt

Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara var staðsett í Gerðubergi í þrjár vikur frá frá 21. janúar til 7. febrúar. Markmiðið með þessari nýlundu var einkum að borgarstjóri og embættis- og starfsmenn skrifstofu borgarstjóra fengu tækifæri til þess að kynna starfsemi borgarinnar í Breiðholti frá fyrstu hendi. Breiðholtið er fjölmennasta byggðarlag Reykjavíkur en þar búa nú um 20.600 manns. Hverfið er vel landfræðilega afmarkað og þar er einnig að finna eitt öflugasta fjölmenningsambúðarlag innan borgarinnar en hlutfall nýbúa eða fólks sem á sér erlenda uppruna er um 10.2% íbúanna. Jón Gnarr borgarstjóri kveðst í starfi sínu hafa tekið vaktir með lögreglunni, sorphirðunni, slökkviliðinu og fleirum sem sinna málefnum Reykvíkinga og hafi þessar vaktir og kynni af störfum fólks reynst sér bæði upplýsandi og gefandi. Hann sagði við upphaf dvalarinnar í Breiðholti að nú væri komið að því að eyða tímanum í öðru hverfi en Kvosinni. Þetta væri merkilegt tilraun og hann hlakkaði til að sjá hvernig til tækist. Breiðholtblaðið hitti Jón Gnarr að máli er leið að lokum skrifstofuhaldsins í Gerðubergi.

Hann var fyrst spurður um reynsluna af því að starfa þennan tíma í Breiðholti. „Reynslan er mjög góð. Það er gaman að skipta um umhverfi og kynna Breiðholtið betur. Ég hef líka fundið á íbúum að þeir eru mjög ánægðir með þetta. Gerðuberg er náttúrulega frábært hús að vera í, uppfyllt af fólki á öllum aldri og list. Mér hefur alltaf þótt vænt um Breiðholtið.“ Spurður um hvort eitthvað óvænt kæmi upp. Eitthvað sem öðru framar brenni á Breiðhyltingum. „Ég er nú alveg þökkalega inni málum Breiðholtsins. Nei, það eru mjög svipaðar áherslur í Breiðholti og í öðrum hverfum borgarinnar. Það sem mér finnst einna magnaðast við Breiðholtið er fjölmenningin, og ég smakkaði besta kaffi sem ég hef á ævinni bragðað, það kom á óvart. Það var á vietnamska staðnum Viethouse á móti Gerðubergi. Við þurfum síðan að meta kosti og galla eftir að þessari tilraun er lokið til að geta tekið ákvörðun um hvort við gerum þetta aftur. Þetta hefur verið bæði lærdómsríkt og skemmtilegt.“ Hverjar eru helstu áherslur Breiðhyltinga og á hvað vill borgin leggja áherslu í málefnum þeirra. „Það er ósk okkar að íbúar lifi í sem mestri sátt við hverfið sitt og hafi aðgengi að þeirri þjónustu sem þeir þurfa. Það er vilji okkar og hlutverk að reyna að mæta þeim þörfum í Breiðholti sem og öðrum hverfum.“

„Breiðholtsmódelið“

Segjum svo að sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu verði fækkað á komandi árum sem margt bendir til að verði – jafnvel allt niður í tvö/ jafnvel eitt. Er þá komin grundvöllur að því að ákveðnir byggðahlutar eða hverfi myndi einingar með hverfastjórnir sem sinni þeirri þjónustu sem stendur næst íbúunum. Hvernig stendur Breiðholtið til þess að geta orðið slík eining með tilliti til íbúafjölda og landfræðilegrar legu sem miðja höfuðborgarsvæðisins. „Ég veit að það yrði til mikilla heilla fyrir íbúa höfuðborgarsvæðisins ef sveitarfélögunum yrði fækkað í mesta lagi í tvö. Höfuðborgarsvæðið er eitt byggðarsvæði og eitt atvinnusvæði, en eins og er þá er margfaldur rekstur á öllu og að mörgu leyti óheilbrigð samkeppni á milli sveitarfélaga, þá aðallega í því sem snýr að skipulagsmálum. Með sameiningu gefst tækifæri til að hafa hverfaráð og hverfastjóra í öllum hverfum með svipuðu sniði og við höfum ver-

ið að þróa í Breiðholti. Ég held að í framtíðinni gæti þetta mögulega verið kallað „Breiðholtsmódelið“. Ég á eftir að gleðjast mikið þegar ég les einhvern tímann í fjölmiðlum „Hverfið Garðabær tekur upp Breiðholtsmódelið“.

Mörg sóknarfæri í Breiðholti

Jón Gnarr borgarstjóri kvaddi starfsmenn Gerðubergs með hlýjum

orðum þar sem fram kom að það hefði verið tekið einstaklega vel á móti honum í Breiðholti og að það hefði farið vel um hann og hans fólk. Fram kom í í máli borgarstjóra honum þætti vænt um Breiðholtið og að hann þekkir hverfið vel. Í hverfinu fælust mörg sóknarfæri því þar væri mikill fjölbreytileiki og jarðvegur fyrir enn meiri grósku og frumkvæði. Borgarstjóri sér fyrir sér enn meira sólskin í Breiðholti þar sem ríki jákvæður andi og góð menning.



Jón Gnarr flytur erindi á íbúafundi með Breiðhyltingum í Gerðubergi. Við borðið sitja Hulda Steingrimsdóttir sem var fundarstjóri, Ólöf Örvarsdóttir sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs. Ellý Katrín Guðmundsdóttir borgarritari og Hrafnhildur Brynjólfsson sem ritaði fundargerð.



BÓKNÁM, LISTNÁM, VERKNÁM/STARFSNÁM

Opið hús í FB fyrir 10. bekkinga og foreldra þeirra fimmtudaginn 28. febrúar kl. 17:00—18:30



Starfsnám

- Húsasmiðabraut
- Rafvirkjabraut
- Snyrtibraut
- Sjúkraliðabraut

Bóknám

- Félagsfræðabraut
- Málabraut
- Náttúrufræðibraut
- Íþróttabraut
- Tölvubraut

Stuðningsnám

- Framhaldsskólabraut
- Starfsbraut
- Innflytjendabraut

Listnám

- Myndlistarbraut
- Fata- og textílbaut



Góðir kennarar og frábær aðstaða

Hægt er að ljúka öllum brautum með stúdentsprófi!



FJÖLBRAUTASKÓLINN Í BREIÐHOLT

Austurbergi 5, 111 Reykjavík Sími 570 5600 Tölvupóstur: fb@fb.is www.fb.is

Dagur B. Eggertsson formaður borgarráðs fer yfir fjölmörg nýsamþykkt framfaramál sem snúa að Breiðholti:

Borgarráð lætur verkin tala í Breiðholti

„Meirihluti Besta flokksins og Samfylkingarinnar hefur lagt áherslu á Breiðholtið frá fyrsta degi,“ segir Dagur B. Eggertsson formaður borgarráðs, en tilkynnt var um myndun meirihlutans á þaki Æsufells, einsog alþjóð man. „Sett voru af stað fjölmörg verkefni undir formerkjum 111 Breiðholt og skemmst er að minnast þess að sérstakur hverfisstjóri var ráðinn í Breiðholtið. Þetta hafa verið frábærar vikur hjá okkur í Breiðholti og ég vil nota tækifærið og þakka þeim fjölmörgu Breiðhylltingum sem við höfum hitt og rætt við fyrir frábæra gestrisni og móttökur. Ég sé ekki betur en að það sé hjart framundan í þessu fjölmennasta hverfi borgarinnar.“

Líkamsrækt við Breiðholtslaug

„Það voru fjölmargar ákvarðanir sem eru góðar fyrir Breiðholtið tekur á fundi borgarráðs í Gerðubergi í síðustu viku. Til dæmis var borgarskipulagi falið að undirbúa breytingu á deiliskipulagi þannig að komi mega fyrir líkamsræktarstöð við Breiðholtslaug og ÍTR á að auglýsa eftir samstarfsaðilum í sama skyni. Fyrir liggur álit Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar um að mögulega megi koma fyrir byggingu á einni hæð, vestan við hús Breiðholtslaugar fyrir líkamsræktaraðstöðu. Einnig gætu fleiri valkostir komið til greina varðandi staðsetningu líkamsræktarstöðvar við Breiðholtslaug.“

Fab-Lab í Fellagarða

„Við samþykktum líka nokkrar tillögur sem lúta að því að rífa upp Fellagarða sem hafa verið í sorglegri niðurníðslu. Í fyrsta lagi leigjum við húsnæði í Eddufelli 2 þar sem komið verður fyrir stafrænni smíðju, svokölluðu Fab-Lab í samvinnu við Nýsköpunarmiðstöð Íslands og Fjölbautarskólann í Breiðholti. Smíðjan verður opin öllum og á án efa eftir að vekja mikla athygli. Verkefnið á rætur að rekja til hins heimsþekktu háskóla MIT og miðar að því að gera venjulegu fólki, án tækniþekkingar, kost á því að hanna og búa til hluti með nýjustu tækni á nýstárlegan hátt. Þá verður auglýst eftir grasrótahópum til að gera eitthvað skemmtilegt og fegra umhverfið í Fellagörðum næsta sumar. Ég á von á því að við munum sjá margt skemmtilegt gerast þarna í nánustu framtíð.“

Fjárfest í fólki

„Eitt stærsta málið sem var kynnt í borgarráði var svo sam-eiginlegt átak atvinnuleysistryggingasjóðs, menntamálaráðuneytisins og aðila vinnumarkaðarins til að gefa fólki á vinnumarkaði færi á að bæta við sig í námi. Breiðholt á að vera tilraunahverfi frá og með næsta vetri í verkefni þar sem fólk fær styrk til að ljúka formlegu námi og búa sig þannig undir framtíðina. Alls á að verja 950 milljónum til þessa í Breiðholti og NV-landi. Þetta er ótrúlega stórt og mikilygt mál en einn helsti veikleiki Íslands er að allt að 30% vinnumarkaðarins eða um 40.000 Íslendingar hafa



Borgarráð leggur áherslu á að komið verði upp líkamsrækt við Breiðholtslaug.

aðeins lokið grunnskólaprófi. Það er frábært að nú eigi loks að fara að takst á við þessa gríðarlegu áskorun, en markið hefur verið sett á að þessi tala hafi lækkað í 10% árið 2020. Og frábært að Breiðholtið verði í fyrsta forgangi.

Framkvæmdir út um allt

„Borgarráð hefur líka samþykkt fjölda framkvæmda í Breiðholti á kjörtímabilinu. Alls verður framkvæmt fyrir 350 milljónir króna á árinu 2013 og er af nógu að taka. Meðal stórra verkefna í Breiðholtiinu á þessu ári verða endurbætur á lóð við Seljaskóla. Lokið verður við þriðja og síðasta áfanga endurbóta á skólalóðinni, sem felst m.a. í gerð útikennslurým- is. Kostnaður við þetta er um 65 milljónir króna. Nýtt timburgólf verður lagt í íþróttamiðstöðinni Austurbergi. Þar er dúklagt gólf í dag en sett verður nýtt uppbygggt, fjaðrandi timburgólf sem hent-

ar betur fyrir innanhússíþróttir. Kostnaður við þetta er um 40 milljónir króna. Þó nokkur verkefni við nýja hjóla- og göngustíga eru einnig í farvatninu. Í Suður-Mjódd og á Selhrygg verða lagðir stígar sem miða að því að tengja betur stíga í Reykjavík og Kópavogi. Annað þessara verkefna er í samvinnu við Vegagerðina en tekst hefur að fá kostnaðarþátttöku Vegagerðarinnar inn í hjólreiðastígaverkefni í borginni með nýju samkomulagi. Það er mjög mikilygt. Til viðbótar verða ýmsar aðrar göngu- og hjólaleiðir bættar.“

Endurbætur við Ölduselsskóla

„Það er líka gaman að segja frá því að ráðast á í endurbætur við anddyri Ölduselsskóla og huga að umbótum á lóð skólans. Það er meðal annars eftir ábending-



Dagur B. Eggertsson formaður borgarráðs.

ar úr foreldrasamfélaginu en ein heimsóknanna sem við gerðum í tengslum við Breiðholtsverkefnið var að standa vaktina við skólann með foreldrum og skólastjóra fyrir klukkan átta, þegar morgunumerðin er sem mest við skólann. Alls verður varið um 32 milljónum í endurbætur og undirbúning frekari aðgerða í ár. Sömu sögu er að segja af Gerðubergi þar sem við höfum alið manninn síðustu þrjár vikur. Þar á að ráðast í endurbætur utanhúss og ljúka við byggingu tengigangs milli Gerðubergs og hins nýja Fagrabergs, sem Félag eldri borgara er að reisa. Auk þess verður veitinga- aðstaðan hugsanlega stækkuð og henni breytt. Og þá eru ótaldar fjölmargar minni framkvæmdir í tengslum við Betri hverfi, sem ég skrifaði grein um í síðasta tölublað Breiðholtsblaðsins.“

Aðalfundur framundan?

Heildarlausn í rekstri húsfélaga.



www.eignaumsjon.is
S. 585 4800, Suðurlandbraut 30.

Réttindi fatlaðra kynnt

Sendiherrar samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks kynntu réttindi fatlaðra fyrir notendum og borgarstjóra Reykjavíkurborgar 6. febrúar sl. Eftir kynningu sendiherrana gafst tími til fyrirspurna og spunnust upp skemmtilegar umræður, þar sem að aðgengi fyrir fatlað fólk, notendastýrð persónuleg þjónusta og ferðaþjónusta fatlaðra komu meðal annars til umræðu.

Árið 2007 var samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks undirritaður á Íslandi. Sjó einstaklingar eru „Sendiherrar samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.“ Þessir einstaklingar hafa kynnt samninginn. Þeir



Sendiherra kynnrir réttindi fatlaðra í Breiðholti. Til vinstri má sjá Jón Gnarr borgarstjóra og S. Björn Blöndal aðstoðarmanns hans.

hafa kynnt hann víða meðal annars í skólum, ráðstefnu hjá

félagsráðgjöfum og Greiningar- og ráðgjafastöð.

KEFLAVÍK » ÓSLÓ frá 9.900

Með sköttum, aðra leið

KEFLAVÍK » BILLUND frá 17.480

Með sköttum, aðra leið

KEFLAVÍK » KÖBEN frá 9.900

Með sköttum, aðra leið

www.primeraair.com S. 527-6100

Primera Air

Breytingarnar hafa heppnast vel



Gunnar Ársæll Ársælsson verslunarstjóri við kælikisturnar í Nettó.

Gunnar Ársæll Ársælsson tók við starfi verslunarstjóra í Nettó í Mjóddinni í lok ágúst á síðasta ári en hann hafði áður m.a. stýrt verslun Samkaupa efst á Skólavörðustígnum í Reykjavík. Breiðholtsblaðið leit við hjá honum á dögnum og forvitnaðist um hvernig honum litist á sig í Mjóddinni.

„Mér líkar mjög vel vera komin til starfa í þessar stóru og glæsilegu verslun enda spennandi og skemmtilegt verslunarumhverfi með mikla möguleika. Verslun-

in hefur gengið í gegnum ýmsar breytingar og lagfæringar að undanfögnu. Þar má nefna nýtt og rúmgott anddyri, stækkun og ýmsar breytingar sem gerðar hafa verið. Vöruvalið hefur alltaf verið mikið og með stækkun og öðrum breytingum höfum við reynt að bæta þar enn um betur. Ef ég á að leggja mat á breytingarnar þá eru þær vel heppnaðar og virðast leggjast vel í okkar frábæru viðskiptavinum sem er fyrir öllu. Sól- arhringsopnunin hefur verið við líði um talsverðan tíma og er hún

alltaf jafn vinsæl. Sólahringsopnuninni var strax vel tekið og finnst fólki gott að geta verslað fyrir utan hefðbundinn opnunartíma. Margir hverfisbúar kjósa frekar að vera hér í rólegheitum eftir kl 21 á kvöldin. Já – Breiðhýltingar geta átt von á fleiri nýjungum því það eru nokkrar spennandi breytingar væntanlegar og má þar nefna lýsingu sem dæmi.

Það ætti því að vera áfram gott og spennandi að koma til okkar í Mjóddina,“ segir Gunnar Ársæll Ársælsson verslunarstjóri.

VILTU SELJA? FRÍTT VERÐMAT

- Frítt verðmat án skilyrða um sölu
- Þú greiðir ekkert ef eignin selst ekki
- Hafðu samband - við höfum tíma fyrir þig



Guðbjörg Gylfadóttir
löggitur fasteignasali



Ísak V. Jóhannsson
sölustjóri

HAFIÐ SAMBAND Í GSM 822 5588 EÐA ISAK@TINGHOLT.IS

FASTEIGNASALA Í
35 ÁR



Bæjarlind 4 • 201 Kópavogur • www.tingholt.is • sími 512 3600

www.breidholt.is

Endurvinnslutunnnan Raunhæfur valkostur fyrir Reykvíkinga



Fyrir 7 árum hóf Gámaþjónustan hf. að bjóða upp á Endurvinnslutunnu á höfuðborgarsvæðinu til flokkunar á heimilissorpi. Í hana mega fara **SJÖ** flokkar af efnum, allt laust í tunnum nema rafhlöður sem fara í þar til gerða poka. Aðeins Endurvinnslutunnnan biður upp á þetta marga flokka í sömu tunnu, sem er mikil hagræðing. Allt sem í Endurvinnslutunnuna fer er síðan flokkað í móttöku- og flokkunarstöð Gámaþjónustunnar hf., baggað og gert klárt til útflutnings. **Endurvinnsla okkar er ábyrg og örugg!**

Reykvíkingar, kynnið ykkur vel hvaða valkostir eru í boði:

Þið eigið val um að panta **Endurvinnslutunnuna** frá Gámaþjónustunni en í hana má setja **SJÖ flokka** af endurvinnsluefnum.

Okkar lausn er umhverfisvæn, ódýr og sparar þér sporin.

Ekkert skrefagjald!

ET+

Þarft þú að losna við raftæki? Við sækjum stærri raftæki til viðskiptavina Endurvinnslutunnunnar þeim að kostnaðarlausu.



Kynnið ykkur allt um Endurvinnslutunnuna á **endurvinnslutunnnan.is**



GÁMAÞJÓNUSTAN HF.
BÆTT UMhverfi - BETRI FRAMTÍÐ



Rauðhetta og úlfurinn voru leikin í frístundaheimilinu Vinasel.

Leiklistarhátíð Miðbergs

Leiklistarhátíð frístundaheimila Miðbergs hefur verið fastur liður síðastliðinn ár. Nú var hún haldin föstudaginn 8. febrúar síðast liðinn í hátíðarsal Breiðholtsskóla. Pennan dag sýndu börnin í 3. og 4. bekk frístundaheimilanna í Breiðholti leikrit sem þau voru búin að semja og æfa síðustu vikur. Leikritin voru ýmis frumsamin eða endurbættar klassískar barnasögur.

Á sviðinu birtust vampírir, njósningar, prinsar og prinsessur ásamt ýmsum öðrum skrautleg-

um persónum. Börnin blómstruðu eftir góðan dag og aðstandendur ánægðir með útkomuna. Stífar æfingar voru hjá börnunum vikurnar fyrir sýninguna og ríkti mikil eftirvænting í hópnum, enda flestir að taka sín fyrstu spor í leiklistinni. Börnin fluttu leikritin Veitingastaðurinn, Prinsessan og vampíran, Mjallhvít og dvergarnir, Krakkagrín, og Rauðhetta og úlfurinn. Flutningur hvers þeirra tók um 10 mínútur og mikið var lagt í ljósabúnað og hljóðkerfi til að hafa hátíðina sem flottasta.



Föstudaginn 1. febrúar skelltu nemendur, ásamt kennurum og öðru starfsfólki, sér í salinn til að syngja saman. Haraldur Reynisson og Elínros Benediktsdóttir, kennarar við skólann, fluttu fyrir viðstadda lag Haralds, Vinátta. Gárungarnir telja að þetta verði það lag sem íslenska þjóðin kjósi sem sitt framlag í Júróvíslon þetta árið. Haraldur lék svo af sinni alkunnu snilld undir á gítarinn meðan þeir sem vettlingi gátu valdið þöndu raddböndin við lög eins og Þorraprælinn og Ölduselsskólalagið. Endahnúturinn var svo bundinn af þeim stöllum úr 10. bekk, Helgu Sænni og Lisu Margréti, en þær sáu um að samkomugestir gengu út í helgina með stóískri ró.

Sorpflokkun á heimilum í Breiðholti

Reykvíkingar munu eftirleiðis henda pappír, pappa, dagblöðum, tímaritum, fernum og skrifstofupappír í bláa endurvinnslutunnu, í grenndargáma eða aðrar endurvinnslutunnur í hverfum sínum. Þetta er í samræmi við breytta og betri sorphirðu í Reykjavík.

Breytingin um þessar mundir er kynnt undir slagorðinu „Pappír er ekki rusl“ í hverju borgarhverfi fyrir sig. Kynning hefur þegar farið fram á Kjalarnesi og í Grafarholti, Árbæ, Grafarvogi og Norðlingaholti og nú er röðin komin að Breiðholti.

Bæklingur verður borinn í hvert hús með upplýsingum um hvaða pappír beri að flokka frá rusli á heimilum. Sjónvarpsauglýsingar fara í loftið, blaðauglýsingar birtar og öflug heimasíða, pappirerekkir.is, skýrir málið í smáatriðum fyrir borgarbúum og þar er einnig hægt að panta bláar tunnur.

Allir vita að dagblöð eiga að fara í endurvinnslutunnur en ef til vill vita færri hversu fjölbreyttur pappír má fara í slíkar tunnur. Matarumbúðir eru stór þáttur af þeim pappír og pappa sem flokka þarf frá rusli, mjólkur- og safafurnur, morgunkornskassar og aðrar slíkar umbúðir. Mikið magn af sléttum pappír berst því óneitanlega milli verslana og heimila.

Flestallir kaupmenn og fjölmiðlar sem Reykjavíkurborg hefur haft samband við fagna þessari breytingu hjá Reykjavíkurborg og vilja leggja lóð sitt á vogarskálina. Kynningin á breytti sorphirðu mun því einnig verða áberandi í matvöruverslunum því umbúðir verða merktar sérstaklega með þeim orðum að þær séu ekki rusl og fólk er vinsamlegast beðið um að stinga þeim í bláa tunnu heim við hús eða fara með á grenndarstöð í nágrenninu eftir notkun.

Þá merkir Domino's Pizza í Hólagarði umbúðir utan um matvörur sínar með miða sem á stendur „Þessi kassi er ekki rusl“ og fólk er beðið um að henda honum á réttan stað. Viðskiptavinir eru þá fullvissir um að umbúðirnar eru verðmæti.

Einnig hafa prentuð dagblöð tekið því vel að merkja blöðin með ábendingum um að skila þeim til endurvinnslu, t.a.m. munu hverfablöðin í Reykjavík skipta um haus þannig að á honum standi t.d. Breið-



holtsblaðið er ekki rusl, settu mig í bláu tunnuna.

Reykvíkingar geta pantað tunnu og leitað allra upplýsinga á heimasíðunni pappirerekkir.is og þar kemur m.a. fram að hægt er að spara sorphirðugjöld með því að skipta út einni grárrí tunnu fyrir aðra bláa. Þar má einnig finna margar tillögur að því hvernig hægt er að skipa ruslinu í ílát í eldhúsinu, hvað verði um pappírinn og þar má finna sorphirðudagatal og kort yfir grenndarstöðvar o.fl.

Reykjavíkurborg vill kynna þessa breytingu vel og í einu hverfi í einu með því að senda upplýsingar í hvert hús. Kynningin fer fram í Háaleiti og Laugardal í mars, í apríl í Hlíðum og miðborginni og um miðjan maí í Vesturbær.

Húsfélög fá sérstaka kynningu og geta þau pantað veggspjöld og slæðukynningu. Loks má geta þess að á heimasíðunni er öllum helstu spurningum svarað sem líklegt er að upp komi.

Tenglar:
Lausnir fyrir heimili: <http://pinterest.com/tunnan/>
Settu dæmið upp: <http://www.pappirerekkir.is/#section-settu-daemid-upp>
Spurt og svarað: <http://www.pappirerekkir.is/?p=sos>
Ítarefni fyrir húsfélög: <http://www.pappirerekkir.is/#section-hvada-pappir-er-rusl>

Fermingarveislu- og smáhundasýning í Garðheimum

Fermingarveislusýning var haldin í Garðheimum helgina 2. og 3. febrúar sl. Sýnt var flest sem tengist undirbúningi fermingarveislu og er á boðstólum í versluninni.

Helgina 9. og 10. febrúar voru það svo smáhundarnir sem fengu athyglina í gróðurhúsi Garðheima, en um 20 tegundir voru á staðnum og glatt á hjalla eins og jafnan þegar hundar og hundaeigendur koma saman til sýningarhalds.



Myndin er tekin þegar stúlkur frá tískuvöruversluninni Dúkkuhúsið sýndu það nýjasta í fermingarfatnaði.



Margir fönugulegir hundar á sýningunni í Garðheimum.

GERÐUBERG 30 ÁRA AFMÆLISDAGSKRÁ

2. mars kl. 14 | Gerðuberg 30 ára – Tónlistardagskrá
Í tilefni afmælisins verður boðið til móttöku og tónlistardagskrár í umsjón Margrétar Bóasdóttur.

3. mars kl. 14 | Gerðuberg 30 ára – Barnadagskrá
Börnum og fjölskyldum þeirra er boðið á tvær kveðskaparsmiðjur; Krummi krunkar úti með Báru Grímsdóttur og Chris Foster og Dans vil ég heyra með Evu Maríu Jónsdóttur og Nönnu Hlíf Ingvarsdóttur.

Allir gamlir og nýir vinir Gerðubergs eru hjartanlega velkomnir.

VERIÐ
VELKOMIN!
AÐGANGUR
ÓKEYPIS!





Nokkrir þátttakendur í þemadögum Breiðholtsskóla.

Stjörnubjart á þemadögum í Breiðholtsskóla

Þemadögum er nú lokið í unglingadeild Breiðholtsskóla en unnið var í þrjá daga að völdum verkefnum. Starfrækt voru spila-, snyrti-, skreyti-, baksturs-, skemmtiatriða-, kvikmynda-, tækni-, og kaffihús.

Búningabemu voru einnig í gangi og þemað fyrsta daginn var „eighties“, annan daginn voru það „illmennir“ en þann þriðja „rokkarar“. Þemadögum lauk með

árshátíð á fimmtudagskvöldinu 24. janúar. Árshátíðarþemað var „stjörnubjart“ og voru skreytingar og matseðill í þeim anda. Eftir að hátíðarmálsverði lauk fór fram skemmtidagskrá á sal. Jón Jónsson söngvari kom einnig og hélt uppi stuðinu í hartnær klukkustund. Eftir það var dansað. Árshátíðin fór mjög vel fram og var unglingunum okkar til sóma.

Ræstingar / Teppahreinsun
Steinteppahreinsun / Bónvinna
Meðhöndlun Náttútusteins
Hreingerningar / Flutningsþrif
Húsfélagþjónusta ofl.

Ræsting og Ráðgjöf ehf
Aiðliða hreingerningarþjónusta
S. 519 7500 • 770 4630

Hlolla BÁTAR
SIÐAN 1986

OSTBORGARA TILBOÐ

OSTBORGARI, FRANSKAR OG 0,5 L PEPSI 990 KR.

TILBOÐIÐ GILDIR Á ÞESSUM STÖÐUM

**FAXAFENI
 INGÓLFSTORGI
 SMÁRALIND
 LÓUHÓLUM
 SMÍÐJUVEGI
 SPÖNGINNI
 SELFOSSI
 REYKJANESBÆ**

WWW.HLOLLABATAR.IS

Breiðholtsblaðið

www.borgarblod.is

Breiðholtsbúar: Ökuskólinn í hverfinu ykkar. Auk hefðbundins réttindanáms bíður Ökuskólinn í Mjódd upp á eftirfarandi fjölda námskeiða m.a.

- Ætlar þú að fara með ökunema í æfingaakstur? Við bjóðum upp á sérstakt leiðbeinendanámskeið vegna æfingaaksturs á tveggja vikna fresti.
- Þarf þú að bæta þekkingu þína á nýjungum í umferðinni? Bjóðum upp á bæði fræðilega og verklega þjálfun.
- Vilt þú læra meira um bílinn þinn? Námskeið í bíltækni getur hjálpað.
- Vilt þú komast á skyndihjálpar námskeið fyrir bifreiðarstjóra?
- Vilt þú bæta þekkingu þína í umferðafræði?
- Ökuskólinn í Mjódd bíður upp á fjölda gagnlegra námskeiða um umferðamál.
- Fagmennska í fararbroddi.



Upplýsingar og innritun í síma 567 0300. Ópið 10–17 alla daga.

mwww.bilprof.is



Á góðum degi í Hólabrekkuskóla.
Mynd Katrín K.

Læsi í Fellahverfi og Hólabrekkuskóli hluti styrki

Verkefnið Læsi í Fellahverfi hlaut hæsta þróunarstyrk skóla- og frístundaráðs Reykjavíkurborgar en ráðið úthlutaði styrkjum vegna skólastarfs á dögnum. Verkefnið miðar að auknu samstarfi um menningu, málþroska og læsi í Fellahverfi. Þetta er samstarfsverkefni leikskóla, grunnskóla og frístundar í Fellahverfi, auk Háskóla Íslands og þjónustumiðstöðvar Breiðholts. Hólabrekkuskóli fékk 1,2 milljónir króna til að búa til gagnvirk

málfræðiverkefni fyrir unglinga í dönsku og íslensku. Yfir sjötíu umsóknir bárust og fengu fjóurtíu verkefni styrki fyrir alls um 30 milljónir króna. Við afgreiðslu þróunarstyrkja var haft að leiðarljósi að styrkja verkefni sem leggja áherslu á læsi, lýðræði, mannréttindi og upplýsinga- og tæknimennt í leikskólum, grunnskólum og frístundastarfi. Þá var m.a. veittur styrkur til að halda myndlistarnámskeið fyrir börn í Breiðholti.

Nýju vorvörurnar streyma inn.

Enn hægt að gera góð kaup af Útsöluslám.

Verið velkomnar

Fröken Júlía

Mjódd - S. 557 5900

www.breidholt.is

Einkarekið apótek

Lágt lyfjaverð - góð þjónusta

GARÐS APÓTEK

- rétt leið

Sogavegi við Réttarholtsveg

Opið kl. 9-18 virka daga • Sími 5680990 • www.gardsapotek.is

Ungmennaráð vill bæta ímynd Breiðholtsins

Ungmennaráð Breiðholts og Miðberg stóðu fyrir góðgerðarviku 4. til 9. febrúar. Vikan fór þannig fram að grunnskólar í hverfinu lögðu sitt að mörkum til að gera góðverk og safna peningum fyrir Ljósið sem er stuðningsfélag fyrir fólk sem hefur greinst með krabbamein og aðstandendur þeirra. Markmið ungmennaráðsins var einnig að vinna að bættri ímynd Breiðholts vegna þess að ungmennunum í ráðinu finnst slæm umræða hafa verið um hverfið.

Ungmennaráð Breiðholts var í fararbroddi í undirbúningi ásamt starfsmönnum Miðbergs. Vikan byrjaði á því að nemendaráð allra skóla í Breiðholti hófu söfnun til styrktar Ljóssins. Skólarnir fóru mismunandi leiðir í söfnun og gekk hún vel hjá öllum. Föstudaginn 8. febrúar var „Breiðholt's got talent“ sem er einn stærsti viðburður félagsmiðstöðva í Breiðholti, 10 atriði tóku þátt í ár og hefur keppnin aldrei verið harðari. Eftir skemmtilegar kosningar þar sem unglingar í salnum kusu úr fjögur bestu atriðunum stóð Stefán Halldór uppi sem sigurvegari en hann var með frábært dansatriði. Á laugardaginn var síðan smiðjudagur sem unglingarnir úr öllum skólum í Breiðholti söttu, vöktu smiðjurnar mikla lukku og ekki skaðaði að velflestar voru fríar. Dæmi um smiðjur voru sushimiðja, heilsusmiðja, danssmiðja, ævintýrasmíðja, listasmiðja, matar- og fjölmiðlasmiðja. Vikan endaði síðan á glæsilegu góðgerðaballi í Hólabrekkuskóla þar sem rúmlega 300 unglingar komu og dönsuðu og fögnuðu þessari glæsilegri viku.



Ungmennaráð Breiðholts.



Vikan endaði á glæsilegu góðgerðaballi í Hólabrekkuskóla þar sem rúmlega 300 unglingar komu og dönsuðu og fögnuðu þessari glæsilegri viku.

sushismiðjuna okkar svona veglega. Allur peningur sem kom af þessari viku rennur til Ljóssins sem er stuðningsfélag fyrir fólk sem hefur greinst með krabbamein og aðstandendur þeirra. Ungmennaráði Breiðholts er rosalega sátt með þessa viku sem

tók þrjá mánuði að skipuleggja. Markmiðið okkar með þessari viku var bæði að láta gott af okkur leiða ásamt því að bæta ímynd Breiðholts til hins betra og okkur finnst við hafa náð því.

GÁSKI

SJÚKRAPJÁLFUN

Gáski er með sérútbúinn meðgöngubekk þar sem verðandi mæður geta legið á maganum. Gáski er í Mjódd og í Bolholti. Tímarpantanir í síma 568-9009

Verðandi mæður fá oft verki í mjóðbak og mjaðmagrind þegar líður á meðgöngu. Nokkur atriði spila þar stórt hlutverk eins og færsla á þyngdarpunkti sem eykur sveigju á mjóðbaki, minni styrks kviðvöðva vegna hormónabreytinga og strekkingu kviðvöðva og svo slaknar á liðböndum. Sjúkrapjálfi leiðbeinir hvernig hægt er að vinna með stöðu mjaðmagrindar og hvaða hreyfingar ber að varast, mýkir upp stífa vöðva og kennir hvernig á að styrkja þá vöðva sem hafa slaknað.

Hagþenkir tilnefnir þrjá kennarar í FB

Hagþenkir, félag höfunda fræðirita og kennslugagna, hefur tilnefnt tíu höfunda til viðurkenningar Hagþenkis. Verðlaunahafinn hlýtur eina milljón að launum, en það kemur í ljós í byrjun mars hver það verður sem hlýtur viðurkenninguna.

Af þessum tíu höfundum eru þrír kennarar í Fjölbautaskólanum í Breiðholti. Þau eru Ásta Bergljót Stefánsdóttir og Guðrún Pétursdóttir snyrtifræðingar og kennarar á snyrtibraut og Gunnar Þór Bjarnason sagnfræðingur og sögukennari. Um bók Bergljótar og Guðrúnar Andlitsmeðferð og efnafræði snyrtivara segir: Tímabært námsefni þar sem fjallað er um eitt megin svið snyrtifræðinnar á skýran hátt Um bók Gunnars Upp með fánann. Baráttan um uppkastið 1908 og sjálfstæðisbar-



Ásta Bergljót, Guðrún og Gunnar.

átta Íslendinga segir: Aðgengileg umfjöllun um pólitískt umrót ársins 1908 og ólík sjónarmið um tengsl Íslands og Danmerkur.

Námskynning í FB

Opið hús verður í Fjölbautaskólanum í Breiðholti 28. febrúar næst komandi en þá fer fram námsráðgjöf í skólanum.

Náms- og starfsráðgjafar í Breiðholti, Grafar-

holti, Norðlingaholti og Árbæ standa að sameiginlegri kynningu á framhaldsnámi. Kynningin er ætluð nemendum í 10. bekk og forráðamönnum þeirra.

Bókamessa í Seljaskóla

Fimm rithöfundar heim sóttu Seljaskóla á bókamessu miðvikudaginn 6. febrúar sl. og lásu upp úr bókum sínum. Bókamessan er liður í því að efla bóklestur nemenda og þá sérstaklega drengja. Höfundarnir gáfu allir út bók fyrir síðustu júl.

Rithöfundarnir sem heim sóttu skólann voru Jón Gnarr borgarstjóri sem las upp fyrir elstu nemendur skólans, Illugi Jökulsson lag fyrir 7. til 8. bekk, Atli Sveinn Þórarinnsson las fyrir 5. til 6. bekk, Gunnar Helgason las fyrir fyrir 3. bekk og 4.



bekk og Huginn Þór Grétarsson las fyrir yngstu nemendurna. Eftir upplesturinn fengu nemendur í 6. til 10. bekk að hitta alla rithöfundana og fá tækifæri til að spyrja þá út í verk þeirra og vinnulag og eiga með þeim

notalega stund yfir hádegisverði. Bókamessan er hluti af þróunarverkefninu Með bók í hönd sem unnið er að í skólanum í vetur og er liður í því að efla bóklestur nemenda og þá sérstaklega drengja.

Ritsmiðjuhorn

Leynist rithöfundur í þér?

Vísur

Lumar þú á skemmtilegri sögu eða ljóði?

Á laugardögum er í Gerðubergssafni í boði að skapa, njóta og miðla. Komdu í bókasafnið, búðu til sögu eða ljóð og hengdu upp á vegg!

Örsögur

Í vor verður bestu rithöfundunum boðið að lesa upp í sögubílum Æringja!

Smásögur

Ljóð

Allir eru velkomnir í ritsmiðjuhorn

Gerðubergssafns!

Dagbókarbrot

Myndasögur



Davíð Örn kennir götulist

Davíð Örn Halldórsson myndlistarmaður heldur námskeið fyrir fólk á aldrinum 16 til 20 ára á vegum Frístundamiðstöðvarinnar Miðbergs dagana 25., 27 og 28. febrúar næst komandi og fer námskeið fram í Gerðubergi.

Á námskeiðinu mun Davíð kenna hvaða efnum og aðferðum er hægt að beita í götulist en mörg vera hans sjálfs eru sprottin úr heimi teiknimynda, tölvugrafík, götulistar og teiknimynda. Á námskeiðinu mun Davíð m.a. láta

nemendur vinna sameiginleg verk á stórum flekum og ef veður leyfir er ætlunin að vinna að útilista-verki. Einkum verður unnið með Akrilliti en einnig spray og skapalón og miðað verður að því að efla skapandi og sjálfstæð vinnubrögð. Götulist er vel þekkt form í listasögunni og skemmtilegt sé rétt að farið og á haldið. Raunverulega götulist á heldur ekkert skylt við þá skemmdarstarfsemi sem ríður húsum öðru hvoru og kallast veggjakrot.



Þriðjudagurinn 29. janúar sl. var skemmtilegur dagur hjá nemendum í unglingadeild skólans. Nemendur fjölmenntu í félagsmiðstöðina í Miðbergi þar sem þau fengu umbun fyrir góða ástundun á haustönn, tekið var í spil og horft á góða mynd, í lokin var haldin pítsuveisla.

Fermingar boðskort

10 x 21 cm = 160.- stk
15 x 15 cm = 160.- stk
10 x 15 cm = 145.- stk

Vid útbúum boðskort í ferminguna á augabragði. Hjá okkur er mikið úrval fermingarkorta sem hægt er að skoða á heimasíðu okkar

www.myndval.is

myndval
s: 557 4070 - www.myndval.is

Fellihýsi til sölu



Viking fellihýsi árgerð 2004 til sölu. Með sólarsellu, gasmiðstöð, og markísu. Nánari upplýsingar í síma 895 8298.



Sif Atladóttir í heimsókn.

Rakel Hönnudóttir og Sif Atladóttir í heimsókn hjá ÍR/Leikni

Á dögunum komu tvær landsliðskonur í knattspyrnu í heimsókn á æfingu hjá 4. og 5. flokki kvenna. Sif Atladóttir kom í heimsókn til stelpnanna á meðan hún var í jólafríinu sínu, en hún leikur sem atvinnumaður í sænsku úrvalsdeildinni. Sif gaf stelpunum góð ráð fyrir framtíðina og tók svo þátt í að stjórna æfingunni. Egill Atlason er bróðir Sifjar og er þjálfari 4. flokks kvenna en þess má geta að faðir þeirra Atli Eðvaldsson var atvinnumaður í knattspyrnu og síðar landsliðsþjálfari Íslands.

Skömmu seinna kikti svo Rakel Hönnudóttir í heimsókn til stelpnanna. Rakel er framherji í íslenska landsliðinu sem tryggði sér þátttöku í úrslitakeppni Evrópumóts landsliða sem fram fer í sumar.

Rakel sagði stelpunum nokkrar góðar sögur frá sínum ferli og var með stelpunum á einni æfingu. Rakel er uppalin á Akureyri en spilar nú með Breiðablik í efstu deild kvenna.

Stelpurnar hrifust mjög af frásögnum Rakelar og Sifjar og létu þær gefa sér eiginhandarritanir á ýmsa hluti sem þær höfðu meðferðis að heiman Ýmsir boltar, húfur og bolir voru því rækilega merktir að lokinni heimsókninni. Stelpurnar þakka kærlega fyrir heimsóknina en fleiri heimsóknir eru á döfinni hjá ÍR/Leikni á næstu vikum. Einnig eru keiluferðir, pizzaveislur og gistinætur á dagskránni auk þess að stelpurnar taka þátt í knattspyrnumóti í Danmörku í júlí. Þær verða næstu mánuðina að safna fyrir ferðinni og hafa því nóg fyrir stafni.

Fjölhagi ehf Byggingafélag

Annast viðhald og viðgerðir fasteigna fyrir húsfélög, einstaklinga og fyrirtæki.

Gluggar – Gler – Glerlistar – Opnanleg fög
Pakjárn – Þakkantur – Þakrennur – Niðurföll
Sólpallar – Skjólveggir – Girðingar
Skápar – Innréttingar – Parkett – Flísar

Sími: 8974425
fjolphagi@simnet.is

Getraunarnr. 111

www.leiknir.com

Leiknir var stofnað 1973

Austurbergi 1, Efra Breiðholti

Leiknismenn Reykjavíkurmeistarar

Leiknismenn komu sáu og sigruðu Reykjavíkurmótið í knattspyrnu 2013 með stæl.

En eftir frábæran úrslitaleik gegn KR í Egilshöll sem bauð uppá allt sem góður úrslitaleikur getur boðið uppá urðu okkar menn hlutskarpari og sigruðu 3 til 2 í vítaskyrnukeppni.

Þetta er fyrsti titill Leiknis í meistaraflokki. Til hamingju Leiknir.



Skrifað undir samninginn við Davíð Snorra og Frey í félagsheimili Leiknis.

www.leiknir.com

Fimm stigahæstu hlutu verðlaun

Reykjavík International Games (RIG) í sundi var haldið helgina 25. til 27. janúar s.l. Sundfélagið Ægir sá um að halda þetta alþjóðlega sundmót sem fór fram í fimm hlutum í Laugardalslaug. Erlendir gestir að þessu sinni voru frá Færeyjum, Noregi og Danmörku. Mikið var af finum sundum þó ekki hafi fallið nein Íslandsmet eða mótsmet, en nokkur unglíngamet voru sett.

Sérstök verðlaun voru veitt fyrir fimm stigahæstu sund mótsins en þau áttu: Eygló Ósk Gústafsdóttir Ægi sem hlaut 800 Fina stig fyrir 200 m baksund, Ingibjörg Kristín Jónsdóttir SH sem hlaut 777 Fina stig fyrir 50 m baksund, Anton Sveinn McKee Ægi sem hlaut 755 Fina stig fyrir 1500 m skriðsund, Ole Mortensen Havnar Færeyjum sem hlaut 733 Fina stig fyrir 1500 m skriðsund og Eva Marie Wilson Osterhus, Madla Noregi sem hlaut 713

Fina stig fyrir 400 m skriðsund. Á RIG 2013 endurnýjuðu sundfélagið Ægir og Aquasport samning sín á milli en Aquasport er einn af stærstu styrktaraðilum sundfélagsins. Í

vikunni fyrir RIG var einnig endurnýjaður samstarfssamningur við Landsbankann sem einnig er einn af stærstu styrktaraðilum sundfélagsins.

Þessi mynd var tekin við undirritun samningsins við Aquasport. Ragna M. Ragnarsdóttir framkvæmdastjóri Aquasport og Ragnhildur Guðjónsdóttir formaður Ægis.

www.fristund.is

UPPLÝSINGAVEFUR FYRIR ÍÞRÓTTA- OG TÓMSTUNDASTARF Í REYKJAVÍK

Hefur þú kynnt þér hvað er í boði fyrir börn og unglinga í borginni? Á vefsíðu ÍTR er að finna á annað hundrað aðila að Fristundakortinu. www.fristund.is

ÍTR · Borgartúni 12-14 · 105 Reykjavík · Sími 411-5000 · www.itr.is · itr@itr.is

Winter activities in the city for children and teenagers: have you acquainted yourself with what is being offered? There are nearly 200 sponsors to the Leisure Card, which may be found at ITR's website www.itr.is. (The Department of Sports and Leisure)

Actividades invernales en la ciudad para niños y adolescentes: ¿se ha familiarizado usted con lo que se está ofreciendo? Hay cerca de 200 patrocinadores de la Tarjeta de Ocio, que puede encontrar en la página web de ITR www.itr.is. (El Departamento de Deportes y Ocio)

Zajęcia zimowe w mieście dla dzieci i nastolatków: czy zapoznaliście się z ofertą? Jest prawie 200 sponsorów karty rekreacyjnej, których można znaleźć na stronie ITR www.itr.is. (Wydział Sportu i Rekreacji)

กิจกรรมทางฤดูหนาวในเมืองสำหรับเด็กและวัยรุ่น: คุณเคยรู้จักกับกิจกรรมที่เรากำลังเสนอขายบ้างหรือไม่? ซึ่งมีผู้ให้การสนับสนุนสำหรับบัตรกิจกรรมนันทนาการมากถึง 200 ราย ที่ซึ่งคุณสามารถค้นหาข้อมูลข่าวสารได้ที่เว็บไซต์ www.itr.is ของ ITR (แผนกกีฬาและการนันทนาการ)

Spennusigur ÍR á Val

-mættu Haukum í gær í bikarkeppninni

ÍR mætti Haukum í Símbikar karla í handbolta í Austurbergi í gær, en því er okkur ekki kunnugt um úrslit. Sigurvegarinn komst í undanúrslit keppinnar sem fram fer föstudag 8. mars og síðan úrslit 10. mars. Sömu helgi eru einnig undanúrslit og úrslit meistara-flokks kvenna, bikarúrslit 4. flokks kvenna, 3. flokks karla, 4. flokks karla og 3. flokks kvenna.

ÍR vann afar nauman en sætan sigur á Val í N1-deild karla í síðasta leik, 25-24, en Björgvin Hólmgeirsson skoraði sigurmarkið um leið og tíminn rann út. Björgvin var markahæstur ÍR-inga með 8 mörk, en Sturla Ásgeirsson og Sigurjón Friðbjörn Björnsson skoruðu 6 mörk hvor. Næsti leikur í N1-deild karla er



Þjálfarar ÍR og Hauka, Bjarki Sigurðsson og Aron Kristjánsson þegar dregið var í 8-liða úrslit bikarkeppinnar.

gegn Haukum, aftur, sunnudaginn 17. febrúar í Austurbergi og síðan gegn FH í Kaplakríka fimmtudag 21. febrúar nk.

Dominos-deild karla:

ÍR-ingar berjast fyrir lífinu sínu

ÍR steinlá fyrir Njarðvík í Dominos-deild karla í körfubolta, 81-98, þegar leikið var fyrir skömmu. Stigahæstir ÍR-inga í leiknum var D'Andre Jordan Williams 27 stig, 4 fráköst og stoðsendingar, Eric James Palm með 18 stig og 5 fráköst og Sveinbjörn Claessen með 10 stig. Eftir leikinn sagði þjálfarinn af sér.

Með nýjum þjálfurum, Herberti Arnarsyni og Steinari Arasyni vannst sætur sigur á Skallagrími frá Borgarnesi og á mánudag tapaði ÍR gegn Grindavík og fór sá leikur 102-80. Næsti leikur ÍR er gegn Stjörnunni í Hertz-hellinum fimmtudaginn 21. febrúar nk. Vonandi tekst ÍR og mjaka sér frá falldraugnum sem hefur verið að þjaka liðið lengst af vetrar.



Frá leik ÍR gegn Njarðvík sem tapaðist með 17 stiga mun. Williams er hér með boltann og gerði sitt, en það var eins og sumum leikmönnum skorti verulega sjálfstraust. Þá er ekki von á góðu.

17. Stórmót ÍR í Laugardalshöll

Um 760 keppendur tóku þátt í Stórmóti ÍR sem haldið var í 17. sinn helgina 26 til 27. janúar í Laugardalshöll en mótið er fjölmennasta frjálsíþróttamót sem haldið hefur verið á Íslandi innanhúss. Því má segja að frjálsíþróttir hafi verið mjög áberandi tvær helgar í röð en Stórmótið var haldið í kjölfar RIG leikanna þann 19. janúar og sendu 29 félög keppendur á mótið.

Á fyrri degi bar hæst enn eitt Íslandsmet Hilmars Arnar Jónssonar ÍR, 18.17 m í kúluvarpi pílta 16-17 ára en árangurinn er jafnframt lágmark á HM unglinga í sumar.

Ljóst er að Aníta Hinriksdóttir hefur unnið hug og hjörtu áhorfenda og annarra íþróttamanna og fær hún óskipta athygli þeirra þegar hún tekur á rás. Aníta setti enn eitt Íslandsmetið í fullorðinsflokki í dag þegar hún hljóp 1500 m á 4:19,57 mín og bætti met Ragnheiðar Ólafsdóttur FH um tæpar 2 sekúndur.

Gríðarleg barátta var í 400 m hlaupi karla sem endaði með því að Kolbeinn H. Gunnarsson UFA sigraði á nýju glæsilegu Íslandsmeti 48,03 sek en Ívar Jasonarson IR varð 2. á 48,06 sek sem er þriðji besti tími Íslendinga í 400 m innanhúss þessir tímar gefa yfir 1045 IAAF árangursstig. Þess má sannarlega geta að lágmarkið á EM innanhúss er 48 sek sléttar þannig að strákarnir eru báðir



Aníta Hinriksdóttir hefur unnið hug og hjörtu áhorfenda.

alveg við þröskuldinn. Snorri Sigurðsson ÍR varð þriðji á 50.08 sek sem einnig er hinn tími.

Hlynur Andrésson IR sigraði einnig í 1500 m og háði harða keppni við Færeyskan hlaupara

en Arnar Pétursson ÍR kom fast á hæla þeim í því þriðja. Bjarki Gíslason UFA sigraði í stangarstökki karla og Mark W. Johson varð 2. með 4,80 m. Börkur Smári Kristinsson snéri aftur til keppni eftir um 1 árs fjarveru og stókk hann 4.30m og varð í 4. sæti. Hafdis Sigurðardóttir UFA sigraði með yfirburðum í 400 m hlaupin kvenna á 56,04 sek.

Hafdis Sigurðardóttir UFA sigraði í 200 m kvenna á finum tíma 24.78 sek en Hrafnhild Eir Hermóðsdóttir ÍR varð 2. á 25.42 sek.

Í 200 m karla var mjög hart barist en Ívar Kristinn Jasonarson ÍR hafði betur gegn Kolbeini H. Gunnarssyni UFA, Ívar hljóp 21,86 sek en Kristinn kom í mark á 21,96 sek. Andrea Stefán Velmir ÍR sigraði með yfirburðum í kúluvarpi pílta 18-19 ára með kasti upp á 15,81 m. Heiðar Geirmundsson ÍR sigraði í kúluvarpi karla með 15,93 m. Mikið var af bætingum í 800m karla í hlaupin sem Kristinn Þór Kristinsson UMF Samhyggð sigraði í með nokkrum yfirburðum en hann hljóp á 1:52,63 mín. Arnar Pétursson IR bætti sig verulega og var bara rétt aðeins yfir 2 mín, 2:00,15 mín. Sæmundur Ólafsson bætti sig einnig en hann hljóp á flottum tíma 2:01,48 mín. Að lokum bera að geta tíma Hlyns Andréssonar ÍR en hann sigraði með yfirburðum í 3000m hlaupi karla þegar hann hljóp á 8:52,12 mín.



Fréttir

Íþróttafélag Reykjavíkur
Skógarseli 12 • Sími 587 7080
Myndsími: 587 7081
Tölvupóstur: hordur@irsida.is
Heimasíða: ir.is

Glimrandi stemmning á þorrablóti ÍR!

Þorrablót ÍR var haldið í Hertz-hellinum 27. janúar, salurinn þéttsetinn og góður rómur gerður að matnum frá Múlalundi og eftir skemmtiatriði var dansað fram á nótt.

Veislustjóri var Logi Bergmann Eiðsson og vakti verðskuldaða

kátínu í salnum. Svona samkomur eru ekki bara skemmtilegar heldur eru nauðsynlegar fyrir félagsandann, efla samstöðuna og jafnvel auka aðsóknina að næstu leikjum í handbolta, körfubolta og frjálsum og öðrum íþróttagreinum.



Stjórn körfuknattleiksdeilda ásamt nokkrum fylgifyskum. M.a. má þekkja Pétur Hólmsteinsson, lengst til vinstri, Elvar Guðmundsson í bláum jakka honum við hlið, Viðar Friðriksson formann körfuknattleiksdeilda ÍR með blátt bindi í efri röð og með blöðrum í efri röð er Einar Ómarsson varaformaður körfuknattleiksdeildarinnar.



Þessar glæsilegu konur spiluðu handbolta fyrir nokkrum árum með ÍR. Hér hafa þær gripið þáverandi þjálfara sinn, Úlfar Steindórsson.



Opnunartímar:

Mánud. Þriðjud og Miðvikud.
12:00 til 15:00

Fimmtudaga
12:00 til 15:00 og 17:00 til 19:30

Föstudaga
13:00 til 19:30

Laugardaga og Sunnudaga
13:00 til 18:00

Skólar og sérhópar: Mánudag til föstudags
10:00 til 15:00

Sími: 588 9705
www.skautaholl.is



GETRAUNANÚMER

ÍR ER 109

NÚ ER KOMIÐ AÐ ÍBÚUM Í

Breiðholti

AÐ HÆTTA AÐ HENDA PAPPÍR Í RUSLIÐ



PAPPÍR
ER EKKI RUSL



Sorþirða í Reykjavík mun á næstu mánuðum breytast til hins betra – og nú er komið að Breiðholti. Reykvingar munu á þessu ári hætta alfarið að henda pappír, pappa, dagblöðum, tímaritum, fernum og skrifstofupappír í almennar sorptunnur.

Pappír er verðmætt efni sem auðvelt er að nýta til hagsbóta fyrir umhverfið. Í stuttu máli: Pappír er ekki rusl.

TVÆR LEIÐIR TIL AÐ LOSNA VIÐ PAPPÍRINN

BLÁ TUNNA

Þú pantar bláu tunnu á pappirerekkirusl.is, með simtali í 4 11 11 11 eða með tölvupósti á sorþirða@reykjavik.is. Við komum með bláu tunnuna til þín innan nokkurra daga.

GRENNDARGÁMAR

Á pappirerekkirusl.is finnur þú næsta grenndargám í þínu hverfi.

Allt um breytta sorþirðu í hverfinu þínu er að finna á

pappirerekkirusl.is



– Takk fyrir að flokka!



Reykjavíkurborg

SORPA